Mýsla sýslar á skólasafni

© Ástríður Einarsdóttir
© teikningar Karl Jóhann Jónsson
Yfirlestur og ráðgjöf: Dagný Birnisdóttir, skólasafnskennari
Ritstjóri: Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 2014
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Mýsla súslar á skólasafni

Hjörleifur hagamús opnaði varlega annað augað, skimaði hikandi í kringum sig en hafði enga hugmynd um hvar hann var staddur. Hann lokaði auganu aftur og prófaði að opna hitt og skimaði ögn einbeittari í kringum sig. Loks nuddaði hann mestu óhreinindin af gleraugunum í aðra buxnaskálmina en það var sama sagan, Hjörleifur kannaðist bara ekkert við sig. Þá settist hann ringlaður upp og nuddaði snjáldrið, strauk veiðiharin og teygði úr fótunum.

Að lokum slétti hann úr krumpuðu skottinu. Smám saman fór að skýrast fyrir Hjörleifi hvernig stóð á því að hann vaknaði upp á þessum ókunnuga stað.

Að endingu rifjaðist upp fyrir honum það allra skrýtnasta. Hjörleifur var ekki lengur hagamús.

Degi fyrr var allt annað uppi á teningnum. Þá var hann nefnilega ofurvenjuleg hagamús. Hann hafði verið hagamús og ekkert annað en hagamús alla sína ævi. Hjörleifur hafði aldrei prufað neitt annað um ævina og hann þyrsti í ævintýri. Þess vegna hófst einmitt þessi saga. Lífið var svo dæmalaust tilbreytingalaust hjá hagamúsum í Grænusveit. Ekkert við að vera nema að ráfa um móana, safna grasfræjum og berjum eða tína lauf og sinu í holuna sína. Það eina sem gaf lífinu lit annað slagið var að hlaupa undan einstaka uglu í fæðuleit. En meira að segja það var ekkert sérstaklega spennandi því

uglurnar í Grænusveit flugu ekki hratt.

Hann var því örlagaríkur þessi morgunn þegar Hjörleifur skreið syfjaður út úr holunni sinni í hlíðum Stórafjalls í Grænusveit út í morgunsólina og fuglasönginn. Hann dustaði mosann af slitnum smekkbuxunum og festi betur axlabandið á buxunum sínum en það losnaði strax aftur. Lítill steinn þvældist fyrir fótum hans eins og til að ergja hann enn frekar. Letileg randafluga sveimaði um suðandi, eins nálægt snjáldri hans og hún taldi óhætt.

Hjörleifur gerði sig líklegan til þess að slá til flugunnar en hætti skyndilega við það. Hann starði þess í stað hugsi fram fyrir sig um stund, þar til hann ræskti sig, tyllti gleraugunum betur á nefið og sagði ákveðið við randafluguna sem reyndar sýndi málinu engan áhuga:

– Nú er komið að því! Nú er kominn tími til að breyta til. Ég nenni ekki þessu hagamúsarhangsi lengur. Það er hreint ekki nógu spennandi fyrir mús eins og mig. Í dag ætla ég að verða húsamús. Þá hljóta ævintýrin að bíða mín.

Randaflugan kærði sig kollótta og sveif á brott.

Hjörleifur velti því fyrir sér í smástund hvað mús þyrfti að hafa með sér í ferðalag út í heim. Hann lét sér nægja að sleikja aðra loppuna, slétta aðeins hártoppinn sinn og halda af stað.

Hjörleifur skaust yfir móa og milli þúfna. Hann staldraði við lítinn læk og fékk sér vatnssopa. Hann læddist gegnum kjarr og aftur yfir móa. Hann þaut upp brekkur og skoppaði milli steina. Öðru hvoru prílaði hann upp á stóran stein og leit í kringum sig.

Eftir því sem leið á daginn breyttist umhverfið smám saman og allt í einu blasti við Hjörleifi fjöldi húsa.

Hjörleifur hafði auðvitað séð hús áður heima í Grænusveit. Yfirleitt voru meira að segja nokkur hús



saman í hnapp. Oftast eitt íbúðarhús og svo fjós, hlaða, fjárhús, hesthús eða eitthvað slíkt.

En hér voru saman komin fleiri hús en hann hafði áður séð. Alls staðar voru hús, hvert sem hann leit. Og ekki var nokkur leið að sjá hvert þeirra var íbúðarhús og hvert var fjós, hesthús eða hlaða.

Það var varla hægt að hugsa sér betri stað fyrir hagamús að hefja nýtt líf sem húsamús en í veröld fullri af húsum.

Vandinn var bara sá að þar sem Hjörleifur hafði enga reynslu sem húsamús þá hafði hann heldur enga hugmynd um hvernig slíkar mýs velja sér rétta húsið. Auk þess var Hjörleifur svo uppgefinn eftir allt ferðalagið að hann átti enga orku eftir til þess að skoða sig um í þorpinu.

Hann ákvað því að velja stærsta og litríkasta húsið sem hann sá og smeygði sér inn um smugu á vegg. Hann var rétt búinn að draga skottið inn á eftir sér þegar hann leið út af og sofnaði.

Þannig kom það til að Hjörleifur hagamús var orðinn húsamús og vaknaði morgun einn á þessum forvitnilega stað.

Eftir að hann hafði horft í kringum

sig, liðkað sig aðeins til og strokið veiðihárin taldi hann ekki ástæðu til að láta ævintýrin bíða stundinni lengur. Nú skyldi hann kanna þetta merkilega hús. Herbergið sem hann var staddur í var einhvers konar geymsla. Meðfram veggjunum voru staflar af alls kyns spennandi dóti og drasli sem flestar mýs hefðu freistast til að gramsa í og jafnvel læsa tönnum í.

En Hjörleifur leit ekki við því, heldur laumaðist gegnum dyrnar fram á langan gang. Hann horfði út eftir ganginum og sá fjöldann allan af dyrum eins langt og augað eygði. Hann skaust yfir ganginn að næstu dyrum, ýtti ákveðið á hurðina en hún haggaðist ekki. Hann reyndi við tvær í viðbót en það var sama sagan. Annaðhvort voru þær allar harðlæstar eða þurftu eitthvað kraftmeira en músarkropp til að haggast.

Við endann á ganginum voru dyr sem voru stærri en allar hinar.

Hjörleifur sá ljós undan hurðinni og fékk hugmynd. Fyrst ljósið komst út hlaut hann að komast inn. Skottið hans kipptist ósjálfrátt til því hann grunaði að bak við þessar dyr leyndist eitthvað spennandi. Hann skaust af stað á undrahraða eftir öllum ganginum og stakk snjáldrinu undir hurðina. Spyrnti fótunum í gólfið og tróð hausnum með öllum sínum kröftum þar til eyrun spruttu út hinum megin. Hann krafsaði aðeins betur með afturfótunum og loks komst allur kroppurinn í gegn svo hann kútveltist inn á mitt gólf í stórum sal. Þar sat hann flötum beinum og rak upp stór augu.

Við Hjörleifi blasti furðuleg sýn.

Salurinn var fullur af hillum. Í öllum krókum og kimum voru hillur. Í öllum þessum hillum voru endalausar breiður af röndum. Breiðar og mjóar, háar og lágar, í öllum regnbogans litum stóðu þær þétt hver upp við aðra.

Einkennilegt … hugsaði Hjörleifur.

Þetta húsamúsaævintýri átti svo sannarlega eftir að koma honum á óvart og dagurinn var rétt að byrja.

Hjörleifur horfði yfir salinn en augun staðnæmdust við nokkuð sem skar sig úr innan um allar rendurnar.

Beint á móti dyrunum sem hann valt undan var stórt skrifborð. Á borðinu var mikið af spennandi hlutum en það var ekki það sem fangaði athygli lítils músadrengs, heldur úfinn kollur og risastór undrandi augu sem gægðust upp fyrir dótið á skrifborðinu og staðnæmdust á Hjörleifi.

Augun tilheyrðu smávaxinni stutthærðri konu í svörtum kjól með allt of stóra marglita kúlufesti um hálsinn og næstum jafn stóra eyrnalokka í eyrunum. Konan hvessti augun í áttina að Hjörleifi og hann hvessti augun á móti. Konan klóraði sér bak við annað eyrað svo það hringlaði í stóra eyrnalokknum. Hjörleifur klóraði sér bak við annað eyrað sem var líka frekar stórt. Konan teygði höndina milli bókastafla og tölvusnúra, þar sem hún fann blágræn gleraugu sem hún tyllti á nef sér. Hjörleifur teygði út framloppuna og þreifaði eftir gólfinu þar til það rifjaðist upp fyrir honum að hann var ekki með neitt með sér til að tylla á nef sér. Konan teygði fram höfuðið, kíkti yfir gleraugun og sagði ákveðinni röddu. – Heyrðu vinur, heldurðu að þú sért ekki að villast eitthvað?

Hjörleifur horfði á hana og hikaði lítið eitt. Hann titraði og bakkaði nokkur skref, hrasaði um skottið en náði jafnvægi á ný. Auðvitað hefði hann átt að stökkva af stað eins og hann væri með uglu á hælunum en konan við skrifborðið vakti forvitni hans.

Hann herti upp hugann og steig fáein

skref áfram. Hvíslaði því næst skjálfandi röddu;
– Villast … ja, jú allavega veit ég ekkert hvar ég er. Ég heiti Hjörleifur húsamús, fyrrverandi hagamús. Ég vona að ég sé ekki að trufla þig en ég ætlaði bara aðeins að kanna heiminn, kannski leita uppi nokkur ævintýri.
– Ævintýri segir þú! Augabrúnirnar lyftust á þeirri stutthærðu. Þá ertu nú aldeilis á réttum stað.
– Komdu sæll, Hjörleifur, ég heiti Edda. Ég held að það sé útilokað að finna jafnmörg ævintýri samankomin á einum stað eins og á skólasafni, eða upplýsingaveri eins og það kallast stundum, en þú ert einmitt staddur á einu slíku. Hér eru ævintýri og fróðleikur á hverju strái.

Edda stóð upp og fikraði sig í áttina að Hjörleifi, settist á hækjur sér og rétti að honum lófann.
– Það versta er að hér eru mýs ekki velkomnar. Þær hafa ekki nógu gott orð á sér þegar kemur að bókum og skólasöfnum. Þær hafa nefnilega átt það til að éta bækur í stórum stíl.

Þetta fannst Hjörleifi nú frekar ólíklegt, hann þekkti ekki eina einustu mús sem hafði áhuga á að éta brækur en hann var spenntur að heyra meira um þetta ævintýrasafn.
– Ég skal lofa að haga mér mjög vel og það er sko engin hætta á að ég fari að éta einhverjar brækur! Sagði Hjörleifur um leið og hann stökk upp í lófann á Eddu sem gekk með hann að skrifborðinu sínu, settist í stól og lagði Hjörleif varlega frá sér meðan hún barðist við hláturinn.
– Ekki brækur, kjánaskott. BÆKUR!

Hjörleifur varð undrandi á svipinn. Hann hafði hvorki séð, né heyrt talað um bækur fyrr.
– Það er nefnilega þannig að við mannfólkið eigum svo endalaust mikið

af skemmtilegum sögum og merkilegum fróðleik að það er algjörlega útilokað fyrir okkur að muna þetta allt.

Fyrir löngu, löngu síðan fóru menn því að skrá það sem þeir vissu og kunnu á blöð sem voru rúlluð upp á kefli. Þessi kefli kölluðu menn rollur.

Nú lifnaði yfir Hjörleifi.

– Rollur? Ég kannast við rollur, það var fullt af þeim í Grænusveit. Svo hugsaði hann sig um. En það hefur varla verið hægt að skrifa á þær?

Edda skellihló. Þetta var kostulegt músartetur. Kannski hún gæti leyft honum að staldra aðeins við á skólasafninu.

Hann leit svo sem ekki út fyrir að ætla að gera mikið af sér.

– Það eru allt annars konar rollur skýrði hún út fyrir honum. Seinna fóru menn að skrá í bækur eins og við þekkjum þær í dag.

Edda gekk að einni hillunni og strauk vísifingri fram og til baka eftir röndunum í leit að einhverju. Hún staðnæmdist við eina þeirra, hristi svo höfuðið og hélt áfram. Aftur stoppaði fingur hennar á einni röndinni og að þessu sinni dró hún hana út úr hillunni.

– Svona, Hjörleifur minn, lítur bók út, sagði Edda, opnaði bókina og

fletti í gegnum hana. Þessi hér til dæmis er full af fróðleik um mýs og önnur dýr sem finnast í íslenskri náttúru.

Edda fletti fram og til baka, sýndi Hjörleifi myndir af músum, refum, fuglum og skordýrum. Hjörleifur fylgdist spenntur með og kannaðist auðvitað við flest dýranna.

– Á kilinum stendur nafn bókarinnar og oftast nafn höfundar líka. Þannig getum við auðveldlega fundið þá bók sem við leitum að þótt bækurnar standi upp á endann þétt saman í hillunum.

Edda benti Hjörleifi á kjöl bókarinnar.

– Kápan verndar bókina svo hún endist lengur. Sumar bækur endast í mörg hundruð ár.

Hjörleifi þótti þetta mjög áhugavert. Hann stökk upp á bókina, krafsaði og fletti. Hann skoppaði upp og niður blaðsíðuna, þefaði og íhugaði að bragða aðeins á einu horninu. Fyrst bækurnar gátu innihaldið svona margt spennandi þá hlutu þær að vera góðar á bragðið líka. Örlítið nart gæti varla skaðað.

– Ertu að hugsa það sem ég held þú sért að hugsa? Edda kippti Hjörleifi úr þungum þönkum sínum þar sem hún stóð með hendur á mjöðmum.

– Til þess að bækurnar endist verðum við að fara vel með þær. Þannig geta fleiri notið þeirra. En ef þú ert mjög svangur gæti nú verið að ég ætti eitthvað að maula handa þér.

Edda rótaði lengi í stórri rauðri tösku og dró loks upp poka með hnetum og

rúsínum. Meðan Hjörleifur gæddi sér á þeim af mikill græðgi sýndi Edda honum fleiri spennandi bækur. Hún fletti varlega til að rífa ekki blaðsíðurnar og las fyrir Hjörleif úr sögum af drekum og hetjum, rólandi kú, stelpu sem gat lyft hestinum sínum, bláum verum í hvítum sokkabuxum, strák sem bjó í blokk með pabba sínum, marglitri fjölskyldu sem gat breytt um lögun eftir því sem hentaði, galdrastrák með skrýtið ör á enninu, gulum birni sem elskar hunang og svona mætti lengi telja.

Hjörleifur gleymdi sér í ævintýrunum, alsæll með að geta upplifað svona margt spennandi á einum og sama stað.

Löngu síðar lagði Edda frá sér síðustu bókina.
– Jæja, Hjörleifur, nú er mér ekki til setunnar boðið. Nú hef ég slórað allt of mikið. Ég þarf að sinna skólasafninu en þér er velkomið að skoða þig um hér og líta í bækur á meðan. Vertu bara svo vænn að þvo þér um loppurnar eftir matinn svo blaðsíðurnar verði ekki kámugar.

Edda fylgdi Hjörleifi um safnið og benti honum á hvar hann gæti fundið fræðirit með ýmsum fróðleik, til dæmis um bíla, dýr, íþróttir, lönd eða stjörnur.

Hjörleifur var í ævintýrahug svo Edda týndi einnig til fjölbreytt skáldrit. Skáldrit gerast ekki í raunveruleikanum heldur verða þau til í huga höfundarins.
– Í skáldritum getur allt gerst, muldraði Edda jafnóðum og hún dró fram ævintýri, spennusögur, gamansögur og leikrit úr hillunum allt í kring.

Hjörleifur fylgdi Eddu um króka og kima, milli hillurekka sem voru hlaðnir litskrúðugum bókum í öllum stærðum. Í einu horni var dúnmjúkt teppi á gólfinu með púðum og koddum. Þar lét Hjörleifur sig falla á bakið með miklum tilþrifum, lokaði



augunum, krullaði upp skottið og lagði loppu yfir ennið.

– En þetta eru svo margar bækur, sagði hann og dæsti. Hvernig á ég að vita hvaða bók er áhugaverð fyrir mig?

– Ég skil þig svo vel, sagði Edda og tyllti sér á púða við hlið Hjörleifs. Þegar ég sé bækur sem ég hef ekki lesið áður langar mig helst til að lesa þær allar í einu. Ég mæli með því að þú byrjir að skoða myndina á kápunni. Út frá henni getur þú oft séð um hvað bókin fjallar. Titillinn, það er að segja nafn bókarinnar, gefur líka vísbendingu um innihaldið. Því næst skaltu skoða hvort bókin er hæfilega löng, hvort letrið er passlega stórt og

hvort þér þykir myndirnar áhugaverðar.

Þegar ég er búin handleika einhverja bók og fletta lauslega í gegnum hana er ég oftast búin að átta mig á því hvort hún freistar mín. Nú ef ekki þá er bara að spyrja skólasafnskennarann eða upplýsingafræðinginn. Við þekkjum nokkuð vel hvaða bækur henta hverjum. Jafnvel músum, þótt við hittum þær ekki oft.

Hjörleifur stóð upp aftur og hysjaði upp um sig buxurnar. Lagaði axlabandið enn á ný og hóf leitina að bók við sitt hæfi. Áður en langt um leið var hann lagstur á magann með loppur undir kinn, niðursokkinn í að skoða spennandi bók.

Á meðan var Edda niðursokkin í vinnu sína. Flestir nemendur skiluðu inn bókum og gögnum sem þeir höfðu fengið að láni á skólasafninu síðustu dagana fyrir sumarfrí og Edda þurfti að raða þeim öllum á rétta staði í hillunum. Bækurnar rötuðu þangað jafnt og þétt og Edda raulaði stafrófsvísur lágum rómi á meðan hún gekk frá sögubókunum.

Mikið er nú gott að stafirnir skuli eiga hver sinn stað í stafrófinu. Þannig á líka hver bók sinn stað í hillunum. Hugsa sér ef allir þyrftu að leita um allt skólasafn að hverri bók. Edda sá fyrir sér nemendur og starfsfólk, leitandi og skimandi hátt og lágt, hver um annan þveran. Hún hrökk upp úr hugsunum sínum löngu síðar við að Hjörleifur kallaði til hennar forviða. Hann hafði lokið við að skoða bókina, haldið áfram göngu sinni um skólasafnið og gengið fram á eitthvað sem ekki líktist bókum og bað um nánari skýringar frá Eddu.

– Nei, elskan mín góða, þetta eru ekki bækur! Edda skýrði út fyrir Hjörleifi að kassarnir sem hann fann með snúrunum og ljósunum væru tölvur. Þær væru að sumu leyti eins og bækur og í þeim væri hægt að finna ógrynni af upplýsingum

og skemmtiefni eins og í bókum. En tölvur má líka nota til margs annars.
– Á öllum bókasöfnum eru tölvur sem gestir geta notað sér til gagns og gamans, hélt Edda áfram, svo eru hér líka blöð, tímarit, hljóðdiskar, mynddiskar …
Hjörleifur geispaði og Edda tók eftir því að glaðlega augnaráðið hans var orðið hálf dapurlegt.
– Nei, er ég nú alveg að gera út af við þig með öllu þessu blaðri, músarkríli?
– Nei, það er ekki það, svaraði Hjörleifur. Ég er bara orðinn svo voðalega syfjaður og svo held ég að ég sé kominn með heimþrá. Ég hef aldrei fyrr verið svona lengi í burtu frá Grænusveit.

Edda hugsaði sig um stundarkorn og skimaði svo enn á ný yfir bókahillurnar. Hugmynd var að fæðast í kollinum stutthærða. Hún greip bók úr einni hillunni og fletti þar til við blasti falleg opnumynd af grösugri sveit með sóleyjum, sprikl-andi læk og mjúklegum móa. Edda lagði bókina opna á borðið, lyfti Hjörleifi varlega upp og lagði hann á miðja blaðsíðu.
– Sko, músartrítill. Hér geturðu lagt þig, lokað augunum og látið eins og þú sért kominn aftur heim í sveitina þína.

Hjörleifur hjúfraði sig á milli púfna og kreisti aftur augun. Hann gat nánast fundið vorilminn í loftinu meðan hann velti fyrir sér hvaða ævintýri biðu hans, húsamúsarinnar Hjörleifs, næsta morgun. Fljótt sótti að honum svefn og hann heyrði fuglasöng í fjarska.

Bækur eru besta nestið.

Mýsla sýslar á skólasafni er námsefni fyrir skólasöfn, ætlað yngstu nemendum grunnskólans. Námsefnið skiptist í sögu sem hægt er að prenta út af vef Námsgagnastofnunar www.nams.is og verkefnabók. Gert er ráð fyrir að kennari lesi söguna um ævintýri Hjörleifs, sem eitt sinn var hagamús og Eddu skólasafnskennara. Nemendur vinna verkefni sem tengjast sögunni í verkefnabók.

40594
NÁMSGAGNASTOFNUN

ISBN 978-9979-0-1797-4